## 3.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið




| Rekstur USK (m.kr.) | Raun 2019 | Áætlun 2019 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 3.471 | 3.225 | 247 | 7,6% |
| Laun og launat. gj. | 2.409 | 2.436 | -27 | -1,1% |
| Annar rekstrark. | 7.888 | 7.925 | -37 | -0,5% |
| **Nettó útgjöld** | **6.825** | **7.136** | **-310** | **-4,3%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs janúar til nóvember 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.825 m.kr.** eða 310 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins eða um 4,3%.

**Tekjur** voru 3.471 m.kr. sem var 247 m.kr. yfir áætlun eða um 7,6%. Tekjur **bílastæðasjóðs** voru 229 m.kr. yfir áætlun, **skipulagsfulltrúi** var 30 m.kr. yfir áætlun, en á móti var **Byggingarfulltrúi** 40 m.kr. undir áætlun tímabilsins. **Heilbrigðiseftirlitið** var 11 m.kr. yfir áætlun og **samgöngur** voru 13 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** námu 2.409 m.kr. sem var 27 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins eða um 1,1%. Launakostnaður **skrifstofu sviðstjóra** var 21 m.kr. yfir fjárheimildum, **samgöngur** voru 14 m.kr. yfir fjárheimildum, **skipulagsfulltrúi** var 15 m.kr. yfir fjárheimildum og **heilbrigðiseftirlitið** var 12 m.kr. yfir fjárheimildum á tímabilinu. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 67 m.kr. undir fjárheimildum, **útmörk** var 12 m.kr. undir fjárheimildum og **vinnuskólinn** var 11 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam 7.888 m.kr. sem var 37 m.kr. undir fjárheimildum eða um 0,5%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 440 m.kr. yfir fjárheimildum, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 280 m.kr., hreinsunar 68 m.kr., viðburða 18 m.kr. og garðyrkju 16 m.kr. **Leiga gatnakerfis** var 127 m.kr. undir fjárheimildum og **viðhald gatna** var 217 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Byggingarfulltrúi** var 41 m.kr. undir fjárheimildum, **Skipulagsfulltrúi** var 30 m.kr. undir fjárheimildum og **Samgöngustjóri** var 20 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Bílastæðasjóður** var 39 m.kr. undir fjárheimildum, en **Sorphirðan** var 31 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins.

| Málaflokkar USK (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2019 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2019 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2019 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2019 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta | 243 | 243 | 0 | 450 | 430 | 21 | 499 | 526 | -26 | **706** | **713** | **-6** | **-0,9%** |
| Skipulagsfulltrúi | 59 | 29 | 30 | 186 | 171 | 15 | 96 | 127 | -32 | **223** | **270** | **-47** | **-17,4%** |
| Samgöngustjóri og borgarhönnun | 1.181 | 939 | 243 | 317 | 370 | -53 | 439 | 499 | -60 | **-425** | **-70** | **-355** | **509,5%** |
| Byggingarfulltrúi | 168 | 208 | -40 | 221 | 217 | 4 | 12 | 54 | -41 | **65** | **63** | **2** | **3,7%** |
| Umhverfisgæði | 1.645 | 1.642 | 3 | 968 | 981 | -12 | 1.318 | 1.291 | 27 | **641** | **629** | **12** | **1,9%** |
| Heilbrigðiseftirlit | 173 | 162 | 11 | 242 | 230 | 12 | 45 | 41 | 4 | **115** | **109** | **6** | **5,1%** |
| Framkvæmdir og viðhald mannvirkja | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 847 | 1.064 | -217 | **847** | **1.064** | **-217** | **-20,4%** |
| Rekstur og umhirða borgarlands | 2 | 2 | 0 | 25 | 37 | -12 | 4.631 | 4.323 | 308 | **4.653** | **4.357** | **296** | **6,8%** |
| **Samtals** | **3.471** | **3.225** | **247** | **2.409** | **2.436** | **-27** | **7.888** | **7.925** | **-37** | **6.825** | **7.136** | **-310** | **-4,3%** |

Kostnaður vegna viðhalds gatna og opinna svæða var lægri miðað við framkvæmdastöðu, en kostnaður reksturs gatna og opinna svæða var hærri miðað við áætlun. Gert er ráð fyrir að viðhald gatna og opinna svæða og rekstur og umhirða borgarlandsins verði samtals á áætlun í árslok fyrir utan vetrarþjónustu og leigu gatna.

### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vetrarþjónustan var 280 m.kr. yfir fjárheimildum.
- Rekstur bílastæðasjóðs skilaði 335 m.kr. umfram áætlun.

## 3.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)




| USK (m.kr.) | Raun 2019 | Áætlun 2019 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 3.972 | 3.734 | 238 | 6,4% |
| Laun og launat. gj. | 1.661 | 1.766 | -105 | -5,9% |
| Annar rekstrark. | 4.599 | 4.437 | 162 | 3,6% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-2.288** | **-2.469** | **-181** | **-7,3%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði fyrir janúar til nóvember 2019 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 2.288 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 2.469 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 181 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 7,3%.

**Tekjur** voru 3.972 m.kr. eða 238 m.kr. yfir áætlun sem jafngildir 6,4%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** voru 445 m.kr. yfir áætlun, þar af voru 440 m.kr. (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu, og hreinsunar. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna** svæða voru 219 m.kr. undir áætlun, þar af voru 217 m.kr. (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur vegna **útseldrar þjónustu** voru 19 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.661 m.kr. sem var 105 m.kr. undir fjárheimildum eða um 5,9%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 34 m.kr. undir fjárheimildum, en á móti var **Byggingadeild** 11 m.kr. yfir áætlun tímabilsins. **Hverfaþjónusta Miklatúns fasteignahluti** var 11 m.kr. undir fjárheimildum og **Hverfaþjónusta Jafnasel fasteignahluti** var 11 m.kr. undir fjárheimildum. **Hverfastöð Njarðargötu** var 21 m.kr. undir fjárheimildum, **Hverfastöð Jafnaseli** var 54 m.kr. undir fjárheimildum, en **Garðyrkja Jafnaseli** var 15 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins

**Annar rekstrarkostnaður** var 4.599 m.kr. og reyndist 162 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 3,6%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 445 m.kr. yfir fjárheimildum einkum vegna vetrarþjónustu 280 m.kr., hreinsun borgarlandsins 68 m.kr., viðburða 18 m.kr. og garðyrkju 16 m.kr. **Viðhald gatna og opinna svæða** var 219 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald fasteigna** var 188 m.kr. undir fjárheimildum, **Ferlimál fatlaðs fólks** var 31 m.kr. undir fjárheimildum en **færanlegar kennslustofur** voru 10 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Annar rekstrarkostnaður vegna **útseldrar þjónustu** var 38 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

Kostnaður viðhalds fasteigna og gatna var lægri miðað við framkvæmdastöðu og gert er ráð fyrir að viðhald fasteigna verði á áætlun í árslok. Kostnaður reksturs gatna og opinna svæða var hærri miðað við áætlun, gert er ráð fyrir að viðhald og rekstur gatna og opinna svæða verði á samtals á áætlun í árslok fyrir utan vetrarþjónustu.

### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Frávik voru mest í vetrarþjónustu sem var 280 m.kr. yfir fjárheimildum, viðhaldi gatna og opinna svæða sem var 219 m.kr. innan fjárheimilda og viðhaldi fasteigna sem var 188 m.kr. innan fjárheimilda.